



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 31. mars 2020

Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Eiginfjárfirlit.....	5
Sjóðstreymisyfirlit.....	6
Skýringar.....	7 - 11
Ársfjórðungsyfirlit.....	12

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars voru 7.246 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 6.962 m.kr. á sama tímabili árið 2019. Hagnaður var af rekstri samstæðunnar sem nam 764 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 615 m.kr. á sama tímabili 2019. Eignir samstæðunnar námu 65.717 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 37.397 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 56,9%.

Í byrjun árs keypti félagið allt hlutafé í félaginu Huxrad ehf. Kaupin hafa óveruleg áhrif á rekstur og efnahag samstæðunnar.

Á aðalfundi Símans hf. þann 12. mars 2020 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 875 m.kr. að nafnverði. Arðgreiðslustefnu félagsins hefur verið breytt og skulu arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum nema nú að lágmarki 50% af hagnaði eftir skatta. Áður var miðað við 20-50% af hagnaði eftir skatta. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á rekstur, efnahag og sjóðstreymi samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi eru óveruleg. Eftirspurn eftir kjarnavörum samstæðunnar hefur haldist sterk hingað til en ef samdráttar mun gæta til lengri tíma í efnahagslífinu er óljóst hver áhrifin verða. Fyrirtækið hefur yfirfarið áætlanir ársins og metið áhrif COVID-19 faraldursins á áætlaðan rekstur, efnahag og sjóðstreymi og telur á þessum tíma ekki ástæðu til að breyta afkomuspá félagsins. Félagið hefur nýtt sér heimild í lánasamningi sínum til að fresta afborgunum af lánum félagsins það sem eftir er ársins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. mars 2020 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2020. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2020

Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Helga Valfells, varaformaður

Bjarni Þorvarðarson

Kolbeinn Árnason

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

Forstjóri

Orri Hauksson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 31. mars 2020

	Skýr.	2020 1.1.-31.3.	2019 1.1.-31.3.
Sala	5	7.120	6.773
Kostnaðarverð sölu	6	(3.802)	(3.425)
Framlegð		3.318	3.348
Aðrar rekstrartekjur		126	189
Rekstrarkostnaður	7	(2.214)	(2.430)
Rekstrarhagnaður		1.230	1.107
Fjármunatekjur		47	50
Fjármagnsgjöld		(256)	(356)
Gengismunur		(61)	(7)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(270)	(313)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		960	794
Reiknaðir skattar		(196)	(179)
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins		764	615
 EBITDA		 2.735	 2.369
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður á hlut		0,09	0,07
Pynntur hagnaður á hlut		0,09	0,07

Efnahagsreikningur 31. mars 2020

	Skýr.	31.3.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		18.973	18.716
Leigueignir		4.954	5.118
Óefnislegar eignir		34.023	34.265
Aðrar eignir	9	470	472
	Fastafjármunir	<u>58.420</u>	<u>58.571</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	10	1.844	1.751
Viðskiptakröfur	11	3.283	4.188
Aðrar skammtímakröfur	12	1.021	794
Handbært fé		1.148	217
	Veltufjármunir	<u>7.296</u>	<u>6.950</u>
	Eignir samtals	<u>65.716</u>	<u>65.521</u>
Eigið fé			
Hlutfé		8.750	8.750
Yfirverðsreikningur		14.525	14.525
Annað eigið fé		154	154
Annað bundið eigið fé		457	456
Óráðstafað eigið fé		13.511	12.747
	Eigið fé	<u>37.397</u>	<u>36.632</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán		15.151	14.481
Leiguskuldbindingar		4.498	4.632
Viðskiptaskuldir		0	353
Tekjuskattskuldbinding	13	719	802
	Langtímaskuldir	<u>20.368</u>	<u>20.268</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		400	600
Viðskiptaskuldir		3.022	3.533
Næsta árs afborganir langtímaskulda		288	1.150
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga		600	600
Skattar til greiðslu		1.049	894
Aðrar skammtímaskuldir	14	2.592	1.844
	Skammtímaskuldir	<u>7.951</u>	<u>8.621</u>
	Skuldir samtals	<u>28.319</u>	<u>28.889</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>65.716</u>	<u>65.521</u>

Eiginfjárfirlit 31. mars 2020

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2019	9.033	15.552	154	456	10.007	35.202
Hagnaður tímabilsins					615	615
Fært á bundið eigið fé				1 (1)	0
Eigið fé 31.3.2019	9.033	15.552	154	457	10.621	35.817
Eigið fé 1.1.2020	8.750	14.525	154	456	12.747	36.632
Hagnaður tímabilsins					764	764
Þýðingarmunur				1		1
Eigið fé 31.3.2020	8.750	14.525	154	457	13.511	37.397

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 31. mars 2020

	Skýr.	2020	2019
		1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		1.230	1.107
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		1.505	1.262
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(1)	0
		<u>2.734</u>	<u>2.369</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, hækkun		(117)	(176)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		753	(398)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun		364	267
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>1.000</u>	<u>(307)</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>3.734</u>	<u>2.062</u>
Innborgaðir vextir		45	47
Greiddir vextir		(258)	(310)
Greiddir skattar		(125)	(88)
Handbært fé frá rekstri		<u>3.396</u>	<u>1.711</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(1.134)	(998)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(694)	(180)
Söluverð rekstrarfjármuna		4	1
Skuldabréfaeign, breyting		(60)	28
Aðrar fjárfestingar		(51)	2
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(1.935)</u>	<u>(1.147)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(192)	(287)
Afborganir leiguskuldbindinga		(144)	(131)
Skammtímalán, breyting		(200)	(450)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(536)</u>	<u>(868)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		925	(304)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		6	24
Handbært fé í byrjun tímabilsins		217	1.246
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>1.148</u>	<u>966</u>

1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til mars 2020 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta, afþreyingar og upplýsingatækni.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2019. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 28. apríl 2020.

Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2019.

4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sjö starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Starfsþáttur	Lýsing
Farsímaþjónusta:	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
Talsímaþjónusta:	Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Gagnaflutningur:	Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimitaugar og aðgangsneta.
Sjónvarpsþjónusta:	Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
Upplýsingatækni:	Upplýsingatækniþjónusta, þ.m.t. mánaðargjöld, útseld þjónusta og vörusala.
Vörusala búnaðar:	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað:	Útseld vinna vegna fjarskipta, þ.m.t. vettvangsþjónusta og aðstöðuleiga.

Starfsþættir 1.1.-31.3. 2020

	Farsíma- þjónusta	Talsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Upplýsinga- tækni	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	1.386	445	2.166	1.583	1.042	418	206	7.246
Óskipt rekstrargjöld								(4.511)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta								2.735
Afskriftir								(1.505)
Hrein fjármagnsgjöld								(270)
Reiknaðir skattar								(196)
Hagnaður tímabilsins								764
Fjárfestingar								(1.824)
Óskiptar eignir 31.3.2020								65.716
Óskiptar skuldir 31.3.2020								28.319

Starfsþættir 1.1.-31.3. 2019

	Farsíma- þjónusta	Talsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Upplýsinga- tækni	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	1.357	465	2.135	1.331	951	425	298	6.962
Óskipt rekstrargjöld								(4.593)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta								2.369
Afskriftir og virðisrýrnun								(1.262)
Hrein fjármagnsgjöld								(313)
Reiknaðir skattar								(179)
Hagnaður tímabilsins								615
Fjárfestingar								(1.177)
Óskiptar eignir 31.3.2019								64.603
Óskiptar skuldir 31.3.2019								28.786

	2020	2019
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
5. Sala		
Seld þjónusta og vörur greinast þannig:		
Sala á þjónustu	6.159	5.846
Vörusala upplýsingatækni og fjarskipta	961	927
	<u>7.120</u>	<u>6.773</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	875	870
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	963	873
Samtengigjöld	175	169
Kostnaðarverð seldra vara	892	820
Eignfærð vinna	(251)	(218)
Afskriftir	1.148	911
	<u>3.802</u>	<u>3.425</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af; efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	1.122	1.187
Markaðs- og sölukostnaður	125	131
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður	183	182
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	162	231
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	265	348
Afskriftir	357	351
	<u>2.214</u>	<u>2.430</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum	45	46
Fenginn arður og söluhagnaður af eignarhlutum	2	4
	<u>47</u>	<u>50</u>

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld	(181)	(231)
Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga	(64)	(69)
Önnur fjármagnsgjöld	(11)	(56)
	<u>(256)</u>	<u>(356)</u>

Gengismunur	(61)	(7)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(270)</u>	<u>(313)</u>

Skýringar

	31.3.2020	31.12.2019
9. Aðrar eignir		
Aðrar eignir greinast þannig:		
Fjárfesting í öðrum félögum	47	47
Sjónvarpsefni til sýningar	126	143
Fyrirframgreiddur kostnaður	12	40
Langtímakröfur	285	242
Aðrar eignir samtals	<u>470</u>	<u>472</u>
10. Birgðir		
Birgðir greinast þannig:		
Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir	1.240	1.232
Sjónvarpsefni til sýningar	604	519
Birgðir samtals	<u>1.844</u>	<u>1.751</u>
11. Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	3.467	4.345
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(184)	(157)
Viðskiptakröfur samtals	<u>3.283</u>	<u>4.188</u>
12. Aðrar skammtímakröfur		
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Fyrirframgreiddur kostnaður	792	613
Aðrar skammtímakröfur	229	181
Aðrar skammtímakröfur samtals	<u>1.021</u>	<u>794</u>
13. Tekjuskattsskuldbinding		
Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:		
Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	802	898
Tekjuskattur tímabilsins.....	190	778
Skattar til greiðslu á næsta ári.....	(273)	(874)
Tekjuskattsskuldbinding samtals.....	<u>719</u>	<u>802</u>
14. Aðrar skammtímaskuldir		
Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Áfallinn kostnaður	1.001	888
Ógreidd laun og launatengd gjöld	701	327
Ógreiddur virðisaukaskattur	890	618
Aðrar skammtímaskuldir	0	11
Aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>2.592</u>	<u>1.844</u>

15. Málafæri

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta, fjölmiðla- og samkeppnislögum. Sýn hf. (Vodafone) hefur stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meints ólögmeats verðþrýstings. Nemur stefnufjárhæð í málinu ríflega níu hundruð milljónum króna. Inter, sem eru samtök aðila er veita internetþjónustu, sendu Símanum kröfu árið 2015 og kröfðust skaðabóta að fjárhæð allt að þremur milljörðum króna vegna meintra brota á samkeppnislögum. Þrjú félög innan samtakanna óskuðu eftir dómkvaðningu matsmanna og sendu í kjölfarið breyttar kröfur sem nema rúmlega 300 milljónum króna. Tölvun stefndi máli til héraðsdóms til greiðslu skaðabóta aðallega að fjárhæð tæplega 7 milljónir króna, auk vaxta og kostnaðar. Snerpa gerði slíkt hið sama og gerði aðallega kröfu um greiðslu skaðabóta að fjárhæð tæplega 40 milljónir króna, auk vaxta og kostnaðar. Hringiðan stefndi Símanum einnig og gerði aðallega kröfu að fjárhæð 899 milljónir króna, auk vaxta og kostnaðar. TSC ehf. höfðaði mál gegn Símanum til greiðslu skaðabóta vegna meintra brota á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2015. Nam stefnufjárhæðin rúmlega hundrað milljónum króna, auk kostnaðar og vaxta. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að Símanum bæri að greiða 50 milljónir króna auk kostnaðar, vaxta og dráttarvaxta. Félagið hefur hafnað málatilbúnaði gagnaðila í öllum málunum og gagnstefnt Vodafone. Í máli Vodafone gegn Símanum og gagnstefnu Símans gegn Vodafone sýknaði Héraðsdómur Reykjavíkur bæði félög af kröfum hvors annars en málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar. Síminn hefur einnig áfrýjað dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli TSC ehf. gegn Símanum til Landsréttar og hefur TSC einnig gagnstefnt málinu. Í tilfalli Tölvunar, Snerpu og Hringiðunnar hefur Síminn skilað greinargerð þar sem málatilbúnaði félaganna er hafnað. Þá hefur IHM gert kröfu á hendur Símanum að fjárhæð 337 milljónum króna auk vaxta og dráttarvaxta vegna meintra vangoldinna gjalda frá árinu 2009. Síminn hafnar málatilbúnaði IHM og telur kröfuna ekki vera réttmæta.

Síminn og Vodafone hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn fjölmiðlalögum sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Lagði stofnun á sekt að fjárhæð 9 milljónir króna sem félagið hefur þegar greitt. Síminn telur háttsemi félagsins sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga og hefur höfðað mál til ógildingar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar. Í kjölfarið sendi Vodafone kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 milljarða króna. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti hvorki ráða af erindi Vodafone að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi né heldur væri gerð tilraun til að færa sönnur á ætlað tjón Vodafone. Að mati Símans var um tilhæfulausa kröfu að ræða og vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Vodafone frá dómi vegna vanreifunar. Í framhaldinu lagði Vodafone fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna og hefur stefnt Símanum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur og gert kröfu um 125 milljónir króna. Síminn hafnar málatilbúnaði Vodafone og mun skila greinargerð á næstunni. Þá hefur Gagnaveita Reykjavíkur sent Símanum kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 milljarða króna. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti ekki ráða af erindi Gagnaveitunnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi. Að mati Símans er um tilhæfulausa kröfu að ræða. Vodafone lagði fram kvörtun til Samkeppniseftirlitsins vegna fyrirkomulags við sölu á útsendingum frá ensku úrvalsdeildinni og gerði kröfu um heildsöluaðgang að SíminnSport. Samkeppniseftirlitið birti Símanum andmælskjal í desember 2019 og taldi að ákveðið fyrirkomulag kunni að fara í bága við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 og 20/2015. Samkeppniseftirlitið telur það koma til skoðunar að beita íþyngjandi viðurlögum eða fyrirmælum á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga, án þess þó að veita nánari upplýsingar þar að lútandi. Skjalið felur ekki í sér bindandi stjórnvaldsákvörðun heldur er ritað í þeim tilgangi að Síminn geti nýtt andmælarétt sinn skv. stjórnslutölögum og að málið verði að fullu rannsakað áður en ákvörðun verður tekin. Félagið er enn þeirrar skoðunar að fyrirkomulag um sölu á þjónustu félagsins sé fyllilega í samræmi við samkeppnislög og þær ákvarðanir sem félagið hefur gengist undir á grundvelli samkeppnislaga.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Í þeim tilvikum sem talið er að félagið geti þurft að greiða bætur vegna málareksturs á hendur þess er sá kostnaður áætlaður af stjórnendum félagsins og færður í reikningsskil þess.

16. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árs hlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2019	2 F 2019	3 F 2019	4 F 2019	1 F 2020
Sala	6.773	6.808	6.958	7.770	7.120
Kostnaðarverð sölu	(3.425)	(3.591)	(3.523)	(4.367)	(3.802)
Framlegð	3.348	3.217	3.435	3.403	3.318
Aðrar rekstrartekjur	189	307	140	126	126
Rekstrarkostnaður	(2.430)	(2.246)	(2.208)	(2.367)	(2.214)
Rekstrarhagnaður	1.107	1.278	1.367	1.162	1.230
Hrein fjármagnsgjöld	(313)	(269)	(232)	(231)	(270)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	794	1.009	1.135	931	960
Tekjuskattur	(179)	(211)	(238)	(171)	(196)
Hagnaður tímabilsins	615	798	897	760	764
EBITDA	2.369	2.602	2.817	2.728	2.735